

800 kr. sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 40/1938. **Réttvísinn** (Theódór B. Lindal)

gegn

Kristvin Guðbrandssyni

(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 6 gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing ákærða fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Svo þykir og mega ákveða, að refsingin verði skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1907.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristvin Guðbrandsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodór B. Líndal og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 21. jan. 1938.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Kristvin Guðbrandssyni verkamanni, til heimilis Bergstaðastræti 8 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. almennra hegningarlaga og lögum nr. 51 1928.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. ágúst 1894 að Eiði í Eyrarsveit. Hann hefir ekki sætt ákærum eða refsingum fyrr.

Hinn 6. þ. m. tilkynnti Jón Guðlaugsson fiskisali, Bergstaðastræti 8 hér í bæ, á lögreglustöðina, að stolið hefði verið 3500 kr. úr íbúð sinni. Skýrði hann svo frá, að hann hefði átt geymdar 3200 krónur í skáp í stofu sinni. Voru peningarnir í tveim umslögum, er aftur voru vafin inn í bláröndótt koddaver. Einnig höfðu horfið 300 krónur úr tveim blikkkössum í stofu, sem ákærður, sem er mágur Jóns, hafði í íbúðinni. Af peningum þeim, er voru í koddaverinu, átti Jón sjálfur kr. 1700.00, en kr. 1500.00 geymdi hann fyrir ákærða, að beiðni hans.

Ákærður hefir játað að hafa tekið umrædda peninga. Þennan sama morgun, áður en hann var fullklæddur, framkvæmdi hann þjófnaðinn. Úr herbergi hans er innangengt í stofu Jóns, og voru dyrnar ólæstar. Hann opnaði skápinn með lykli, sem stóð í honum, leitaði uppi peningana og stakk þeim á sig. Til þess að villa sýn, tók hann síðan kr. 300.00 úr peningaboxum sjálfs síns. Fór hann því næst út til vinnu sinnar og skildi eftir opnar dyrnar að herbergi sínu.

Peningana geymdi ákærður á sér þar til um hádegisbilid. Þá fór hann heim, og var peningahvarfið þá komið upp, og þegar ráðgert að tilkynna það lögreglunni. Við það kveðst

ákærður hafa orðið hræddur og fór því með peningana niður í Flosaport og faldi þá þar. Þar vísaði ákærður á þá, en þá var búið að róta ýmsu til í portinu, og fundust ekki nema kr. 3155.00. Ákærður kveðst aldrei hafa talið peningana.

Með þessum þjófnaði hefir ákærður gerzt sekur við 6. gr. laga nr. 51 1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Þá ber og að dæma hann til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Kristvin Guðbrandsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1938.

Nr. 7/1938. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f

(Theódór B. Lindal)

gegn

Sigbirni Ármann

(Einar B. Guðmundsson).

Bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 18. jan. þ. á., hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sök af bifreiðarslysi því, er í hinum áfrýjaða dómi segir, verði skipt eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.